

Guðbjörn Jónsson



Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík

Kæra um refsiverðan verknað

Reykjavík 22. Mars 2013

Kæra vegna umboðslausra ákvarðana um útgjöld ríkissjóðs á árunum 2014 – 2016

Samkvæmt meðfylgjandi gögnum samþykkti Alþingi, fimmtudaginn 21. mars 2013, þingskjal 995, mál 582, um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands á árunum 2013 – 2016.

Við þetta er það að athuga að umboð núverandi þingmanna til ákvarðana um rekstrarmál lýðveldisins Ísland, rennur út rétt rúnum einum mánuði eftir slíka ákvörðun um útgjöld ríkissjóðs til næstkomandi þriggja ára. Réttur þeirra getur náð til ákvarðana vegna ársins 2013, en lengra nær umboð þeirra ekki.

Sem frambjóðandi utan flokka til Alþingis við næstu alþingiskosningar 27. Apríl 2013, krefst ég tafarlausrar ógildingar framangreindra ákvarðana vegna áranna 2014 – 2016, þar sem til slíkra ákvarðana hafa þessir aðilar **ekkert umboð** og telst ákvörðun þessi því ólögmæt og ó afsakanleg íhlutun í starfsvettvang næsta Alþingis og ríkisstjórnar.

Undirritaður gerir ekki kröfu um refsingar á hendur meintum brotaaðilum, verði þessi umrædda þingsályktun ógilt og afturkölluð vegna áranna 2014 – 2016, en áskilur sér allan rétt til frekari aðgerða verði ekki orðið við kröfum þessum.

Virðingarfallst

Guðbjörn Jónsson,
Frambjóðandi utanflokkur í Suðvestur kjördæmi